

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr
(íslenskukunnátta).

(Lagt fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi 2018-2019.)

1. gr.

5. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi:

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar. Heimilt er að gera kröfu í reglugerð um að dýralæknir búi yfir kunnáttu í íslensku eftir því sem við á hverju sinni, enda sé slík kunnátta talin nauðsynleg í starfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæði 6. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr vegna álits umboðsmanns Alþingis frá 24. apríl 2018 í máli nr. 9510/2017. Athugun umboðsmanns beindist meðal annars að því hvort það samræmist lögum sem gilda um starfsemi Matvælastofnunar að stofnunin ráði til eftirlitsstarfa dýralækna sem hafa ekki vald á íslenskri tungu. Var það niðurstaða umboðsmanns að slíkt sé ekki í samræmi við 5. mgr. 6. gr. laganna. Í álitinu vekur umboðsmaður athygli á ákvæðum laga nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt 1. gr. laganna hafa ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, eins og henni var breytt með ákvæðum EES samningsins, lagagildi hér á landi. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur m.a. fram að ákvæði í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkja skuli ekki gilda í þeim tilvikum þar sem þau takmarka umsóknir um og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að hefja og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara. Þetta eigi þó ekki við í þeim tilvikum sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðli starfsins sem um er að ræða. Bendir umboðsmaður á að reglugerðarákvæðið kunnir að hafa þýðingu um réttindi dýralækna sem hafa ekki vald á íslenskri tungu til að starfa hér á landi í opinberri þjónustu ef til stendur að ráða í starf þar sem íslenskukunnátta skiptir ekki máli vegna eðli starfsins.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Með lagasetningunni er þess gætt að Matvælastofnun geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu auk þess sem gætt er að þeim skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur tekið á sig vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt gildandi lögum er sú krafa gerð að dýralæknar sem starfi í opinberri þjónustu hafi vald á íslenskri tungu. Upp hafa komið þær aðstæður að ekki hefur reynst mögulegt að manna stöður til samræmis við fyrrgreint

skilyrði. Af þeim sökum þykir mikilvægt að koma starfsemi Matvælastofnunar í lögmætt horf og fella brott skilyrði um vald á íslenskri tungu, en veita frekar heimild til að gera þá kröfu ef þurfa þykir.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 5. mgr. 6. gr. laganna þar sem fallið er frá ófrávíkjanlegri kröfu um vald dýralækna í opinberri þjónustu á íslenskri tungu. Þess í stað þykir rétt að heimilað verði að gera þá kröfu, ef slík kunnátta er talin nauðsynleg í starfi. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður útfært nánar í reglugerð í hvaða tilvikum það skilyrði er sett um að í hvaða tilvikum í opinberri þjónustu nauðsynlegt er að gera kröfu um íslensku kunnáttu af hálfu dýralækna sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Horft var til ákvæða laga nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt 1. gr. laganna hafa ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, eins og henni var breytt með ákvæðum EES samningsins, lagagildi hér á landi. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur m.a. fram að ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkja skuli ekki gilda í þeim tilvikum þar sem þau takmarka umsóknir um og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að hefja og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verða skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, hvað þetta varðar, uppfylltar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst starfsemi Matvælastofnunar og dýralækna. Einnig er frumvarpið samið með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis nr. 9510/2017. Fyrirhugað er að frumvarpið verði birt á samráðsvef Stjórnarráðsins.

6. Mat á áhrifum.

Afleiðingar af samþykkt frumvarps eru almenningi til hagsbóta þar sem tryggt verður að Matvælastofnun geti sinnt sínu lögbundna eftirlitshlutverki er varðar til dæmis frumframleiðslu, úrvinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða.

Einnig er samþykkt frumvarpsins til hagsbóta fyrir stjórnsýslu ríkisins þar sem Matvælastofnun yrði gert kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu án þess að slíkt væri andstætt lögum. Ákvæði frumvarpsins snerta bæði kynin jafnt og er frumvarpinu ætlað að hafa áhrif á stöðu kynjanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það ekki áhrif á tekjur eða gjöld ríkissjóðs, afkomu eða efnahag. Matvælastofnun hefur á síðastliðnum árum ráðið til sín erlenda dýralækna til að manna stöður stofnunarinnar og til að sinna lögbundnu hlutverki sínu, þar sem skortur hefur verið á íslenskum dýralæknum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun Matvælastofnun áfram geta ráðið erlenda dýralækna þegar þörf krefur án þess að slíkt stangist á við ákvæði laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ekki verði gerð sú krafa að dýralæknar í opinberri þjónustu hafi vald á íslenskri tungu heldur verði heimilt að gera þá kröfu ef slík kunnátta sé talin nauðsynleg í starfi. Nánar verður útfært í reglugerð í hvaða tilvikum í opinberri þjónustu nauðsynlegt er að gera kröfu um íslensku kunnáttu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.